

Fundur í skólaráði Myllubakkaskóla mánudaginn 31. maí 2010 kl. 16:00.

Mætt: Brynja Árnadóttir skólastjóri, Gísli B. Gunnarsson og Ingólfur Helgi Matthíasson fulltrúar kennara, Svandís Aðalsteinsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Hrafnhildur Ólafsdóttir, Hrefna Höskuldsdóttir og Júlíus Friðriksson fulltrúar foreldra.

1. Brynja fór yfir starfsemi ráðsins í vetur. (Sjá fyrri fundargerðir
2. Brynja las þakkarbréf frá ráðinu til lögreglunnar, sem ákveðið var að senda á síðasta fundi.
3. Önnur mál.

Júlíus spurði hvort PBS kerfið væri komið til að vera. Brynja sagði svo vera og minnti á að nýverið hafi fengist styrkur frá Manngildissjóði vegna PBS. Styrkur þessi er til PBS skólanna í Reykjanesbæ sem eru auk Myllubakkaskóla, Holtaskóli og Njarðvíkurskóli.

Brynja sagði frá því að nemendur í lok skólaársins væru 325 og hefði þeim fjölgað um 10 frá því í haust. Skipting milli kynja er jöfn.

Farið var yfir verkefni skólaráðs samkvæmt reglugerð. Hrefna lagði til að búin yrði til mappa / handbók þar sem verkefni skólaráðs væri skráð.

Brynja greindi frá því að vel liti út með starfsmannamál fyrir næsta vetur og stefni í að allir kennarar yrðu með réttindi.

Úr skólaráði eiga að ganga næsta haust: Gísli, Ingólfur, Svandís og Hrefna auk þess sem Brynja lætur brátt af strörfum.

Brynja þakkaði ráðsmönnum / konum samstarfið á skólaárinu.  
Fleira ekki gert og fundi slitið.

Gísli B. Gunnarsson ritaði fundargerð.